

Flökkusögur



Hvað eru flökkusögur?

→ Sögur sem flestir kannast við að hafa heyrt

- Settar fram sem sannar frásagnir um raunverulega atburði
- Efnið er sótt í samtímann, tengist gjarnan e-u sem ...
 - við kunnum ekki skil á, t.d. tækninýjungar eða samfélagsbreytingar
 - okkur þykir ógeðfellt, t.d. tilteknar dýrategundir s.s. pöddur og rottur
 - við óttumst, t.d. ýmsir jaðarsettir hópar eða framandi menning
 - Koma þannig upp um fordóma, t.d. í garð eiturlyfjaneytenda, hinsegin fólks, múslima og utangarðsfólks.
 - Þær eru því n.k. samfélagsspegill
 - Varpa ljósi á ríkjandi viðmið í samfélagi hverju sinni
- Geta líka haft skýran boðskap
 - Leggja okkur lífsreglurnar
 - Vara við afleiðingum óæskilegrar hegðunar

Einkenni flökkusagna

→ Hafa gengið í munnmælum manna og heimshorna á milli

- en hafa í seinni tíð líka skotið upp kollinum á
 - á netinu
 - sem hefur aukið útbreiðslu þeirra verulega
 - í fjölmiðlum
 - sem hafa líka verið notaðir til þess að bera flökkusögur tilbaka

→ Nánast ómögulegt að rekja uppruna þeirra

→ Yfirleitt hægt að slá því föstu að þær séu ósannar

- ólíklegt að sami atburðinn eigi sér stað á mörgum ólíkum stöðum ...
- ... með ólíkum þátttakendum

Einkenni flökkusagna frh.

→ Sögurnar eru yfirleitt hafðar eftir „pottpéttri“ heimild

- vinur eða kunningi, vinur vinar, ættingi eða frétt
 - Sögumaður gerir stundum sjálfan sig að aðalsöguhetju flökkusögunnar.

→ Staður, umhverfi og persónur breytast ...

- eftir því hvar sagan er sögð ...
- ... og af hverjum.
- Sagnaminnið er þó óbreytt, þ.e. kjarninn í sögunni.

→ Sagnaminni þjóðsagna ganga stundum aftur sem flökkusögur

- sbr. samferðarmanninn sem hverfur (sjá inngang *Kattarins í örbylgjuofninum*)